

Umhverfis- og loftslagsstefna Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum

Framtíðarsýn

Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum vill vera til fyrirmyndar í umhverfis- og loftslagsmálum og halda neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi sinni í lágmarki. Stofnunin leggur sitt af mörkum til að skuldbindingum íslenskra stjórnvalda gagnvart Parísarsamkomulaginu verði náð og tekur þannig virkan þátt í baráttunni við loftslagsbreytingar.

Yfirmarkmið

Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum mun leitast við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) um 25% fyrir árið 2030 miðað við árið 2019. Stofnunin stefnir einnig að kolefnishlutlausri starfsemi

Gildissvið

Stefna þessi tekur til umhverfisáhrifa af innri rekstri Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum og varðar allt starfsfólk stofnunarinnar.

Umfang

Til að fylgjast með losun gróðurhúsalofttegunda mun Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum innleiða Grænt bókhald sem skilað verður í Gagnagátt Umhverfisstofnunar fyrir 1. apríl ár hvert vegna næstliðins árs. Græna bókhaldið heldur utan um þýðingarmestu umhverfisþættina í starfseminni sem eru eftirfarandi:

Samgöngur

- Losun GHL vegna aksturs á ökutækjum stofnunarinnar
- Losun GHL vegna flugferða starfsmanna erlendis
- Fjöldi samgöngusamninga sem stofnunin gerir við starfsmenn

Orkunotkun

- Rafmagnsnotkun að Keldum
- Heitavatnsnotkun að Keldum

Úrgangur

- Losun GHL vegna lífræns úrgangs
- Losun GHL vegna blandaðs úrgangs
- Losun GHL vegna sóttmengaðs úrgangs
- Losun GHL vegna pappírs og pappa
- Losun GHL vegna plasts
- Heildarmagn úrgangs

Áherslur í umhverfis- og loftslagsmálum

- Drögum úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna samgangna, úrgangs og orkunotkunar
- Drögum úr úrgangsmýndun og aukum endurvinnslu
- Hugum að orkusparnaði
- Fræðum starfsfólk um umhverfismál
- Stundum umhverfisvæn innkaup
- Eflum fjarfundarmenningu
- Innleiðum Græn skref
- Kolefnisjöfnum losun okkar með ábyrgum hætti
- Kynnum okkur tækilausnir sem auðvelda umhverfisstarf

Eftirfylgni

Umhverfis- og loftslagsstefna Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum er rýnd á hverju ári af stjórn stofnunarinnar og yfirstjórn. Markmið og aðgerðir eru uppfærð með tilliti til þróunar í losun gróðurhúsalofttegunda á milli ára. Niðurstöðum Græns bókhalds og árangri umhverfis- og loftslagsstefnu er miðlað á starfsmannafundum stofnunarinnar og víðar eftir því sem færi gefst til.

Stefnan var rýnd og samþykkt af stjórn Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum 22. apríl 2026.